

Endurskoðun skólastefnu Akureyrarkaupstaðar 2018

Hlutverk kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn er fyrst og fremst að móta stefnu sveitarfélagsins. Því mun það hafa afgerandi áhrif á endurskoðun skólastefnu Akureyrarkaupstaðar að bæjarfulltrúar ásamt fræðsluráði hafi leiðandi hlutverk við endurskoðun hennar. Skapa þarf víðtæka sátt um stefnuna og kalla eftir samráði allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.

[Núgildandi skólastefna](#) var samþykkt í bæjarstjórn 31.5.2005 eftir tveggja ára vinnu.

Núverandi endurskoðun á skólastefnunni hófst að nýju á árinu 2017. Þá fór fram gagnaöflun hjá hagsmunaaðilum í skólasamfélaginu ásamt vinnu í rýnihópum með ungmennum, aðilum úr stjórnkerfi bæjarins og utanaðkomandi aðilum.

Stýrihópur á fræðsluskrifstofu hefur haldið utan um verkefnið og kallað hefur verið eftir aðkomu skólastjórnenda og kennara við frekari afmörkun og útfærslu þess.

Miðstöð skólaþróunar HA veitir ráðgjöf í vinnunni og mun koma að úrvinnslu gagna. Kallað verður eftir greinargerðum frá fagaðilum um einstaka þætti endurskoðunarinnar s.s. um hæfniviðmið, líðan og farsæld nemenda, námsmat, heimanám, foreldrasamstarf, upplýsingatækni, gæðaviðmið, starfshætti kennara og skólastjóra, starfsþróun, bráðger börn, skólaþjónusta, teymisvinnu, lærdómssamfélagið, fjölmenningu, menntun kennara, inntak menntunar, hæfniviðmið, Menntun fyrir alla, einstaklingsmiðað nám ofl. Greina þarf jafnframt stöðu skólastarfs í ljósi kannana, prófa, mats og alþjóðlegs samanburðar.

Lög, reglugerðir og aðalnámskrá mynda rammann um verkefnið. Endurskoðun á núgildandi skólastefnu þarf að liggja fyrir og skoða þarf þróun skólastarfs í [alþjóðlegu ljósi](#) og þá hvar við stöndum í þeim samanburði. Draga þarf fram sérstöðu Akureyrarkaupstaðar.

Yfirskrift vinnunnar er:

Framsýn, afmörkuð og skýr stefnumörkun sem byggir á gögnum, reynslu og rannsóknum.

Á þessum grunni er lagt til að mótuð verði stefna sem lítur bjartsýnum augum til framtíðar í skólastarfi. Mikilvægt er jafnframt að ákveða matskvarða sem geta svarað hvert skólastarfið þróast og hvort verið sé að gera það sem lagt verður upp með.

Lagt er til að verkinu verði lokið 15. desember 2018 og að stefnan verði gerð til 10 ára með ákvæðum um reglubundna endurskoðun.